

Reykjavíkurborg
Helena Stefánsdóttir
Borgatúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 19. apríl 2024
UST202402-384/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 fyrir skotæfingarsvæði á Álfsnesi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar er barst 22. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 fyrir skotæfingarsvæði á Álfsnesi.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að skilgreina íþróttasvæði (ÍÞ9) á Álfsnesi, alls um 33 ha að stærð og minnkar iðnaðarsvæði I2 um 13,5 ha og útivistarsvæðið OP28 minnkar um tæplega 20 ha. Auk þess kemur fram að markmið með breytingunni er að tryggja aðstöðu fyrir Skotfélag Reykjavíkur og Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis, meðan unnið er að því að finna framtíðarstað fyrir skotæfingar og íþróttamiðstöð skotiþróttá höfuðborgarsvæðinu. Einnig að tryggja tímabundnar landnotkunarheimildir um íþróttastarfsemi (skotæfingarsvæði) á Álfsnesi og leita leiða til að draga úr og lágmarka umhverfisáhrif frá skotæfingarsvæðunum, meðan þau eru staðsett á Álfsnesi.

Mengaður jarðvegur og hávaði

Umhverfisstofnun tekur undir að umhverfisáhrif skotvalla er hávaði, sem getur haft áhrif á menn og dýr og mengun frá skothöglum sem getur borist í jarðveg og í vatn og geta haft áhrif á dýr.

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess, eins og kemur fram í greinargerð, að leitað sé allra leiða til þess að minnka áhrif hávaða frá íþróttasvæðinu. Auk þess þegar lagðar fram mótvægiáðgerðir um hávaðminnkandi áðgerðir skulu þær vera í samræmi við íslenskt regluverk hverju sinni.

Stofnunin vill koma því á framfæri að skv. 5. gr. reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg eru grundvallarskyldur rekstraraðila að ganga vel um og sýna ýtrustu varúð þannig að jarðvegi verði ekki spillt með mengun. Rekstraraðilar skulu tryggja að starfsemi þeirra sé í samræmi við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir og útgefið starfsleyfi eins og nánar er kveðið á um í XI. kafla laganna.

Áhrif á vatnshlot

Í greinargerð breytingartillögunnar kemur fram að undirbúa skuli frekari rannsóknir á áhrifum mögulegrar blýmengunar á lífríki og fuglalíf sérstaklega og vistkerfi, sbr. lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og gerð vatnaáætlunar.¹ Þá segir að skoða mætti þann möguleika að huga að þeim rannsóknum í tengslum við undirbúning framkvæmda við Sundabraut og skal Reykjavíkurborg bera kostnað af þeim rannsóknum.

Umhverfisstofnun bendir á að lög um stjórn vatnamála ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla). Fram kemur í 28. gr. laganna þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Umhverfisstofnun bendir því á mikilvægi þess að skipulagið sé í samræmi við vatnaáætlun en til að svo sé raunin þarf sveitarfélagið að fjalla um og meta áhrif skipulagsins á vatn. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að mikilvægt er að framkvæmdaraðilar séu upplýstir um að ítarlegra mat á áhrifum á vatnshlot þarf að liggja fyrir áður en leyfi fyrir framkvæmdir og/eða starfsemi er veitt sem geta haft í för með sér áhrif á vatn. Þau framkvæmdaleyfi sem sveitarfélagið gefur út þurfa að vera í samræmi við stefnumörkun vatnaáætlunar og lög um stjórn vatnamála.

Þau vatnshlot sem hér um ræðir eru strandsjávarhlotið Straumsvík-Kjalanes (nr. 104-1391-C)² og grunnvatnshlotið Leirvogsa (nr. 104-289-G)³ en ástand þeirra er ekki þekkt. Í samræmi við lög um stjórn vatnamála hafa verið sett umhverfismarkmið fyrir vatnshlotin en strandsjávarvatnshlotið Straumsvík-Kjalanes skal vera í að lágmarki góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegi ástandi. Magnstaða grunnvatnshlotsins Leirvogsa skal vera góð sem og efnafræðilegt ástand þess. Umhverfisstofnun bendir á að umhverfismarkmiðin eru lagalega bindandi og má ástand vatnshlotanna ekki hnigna, hvorki tímabundið né varanlega. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um vatnshlotin í tillögunni, hver umhverfismarkmið þeirra eru og ástand.

Áður en starfsleyfi er veitt er mikilvægt að framkvæmdaraðili geri mat á áhrifum starfseminnar á vatn. Umhverfisstofnun bendir á að frekari upplýsingar um vatnshlot, ástandsflokkun þeirra og vöktun er að finna á vatn.is og vatnaáætlun 2022-2027.

Í greinargerð breytingartillögunnar kemur fram að undirbúa skuli frekari rannsóknir á áhrifum mögulegrar blýmengunar. Stofnunin bendir á að blý er talið upp sem mengandi efni á lista II skv. í viðauka reglugerðar nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns og getur haft skaðleg áhrif á grunnvatn. Því ætti sérstaklega að vakta mögulega blýmengun

¹ <http://vatn.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/vatnaaaetlun-2022-2027/>.

² <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/104-1391-C>

³ <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/104-289-G>

Í grunnvatni tengdu starfseminni. Bendir stofnunin jafnframt á að blý geti hugsanlega dreifst gegnum jarðveg til sjávar.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri